

Yfirlit yfir störf Loftslagsráðs 5. starfsár 2022-2023

Fulltrúar

Loftslagsráð er skipað alls 15 fulltrúum, formaður, varaformaður og fulltrúi ungs fólks eru skipuð af umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra en aðrir eru tilnefndir af hagaðilum. Þrjár breytingar urðu á skipan fulltrúa við upphaf starfsársins 2022-2023. Hafdís Hanna Ægisdóttir kom inn sem fulltrúi Neytendasamtakanna en Brynhildur Pétursdóttir tók sæti varafulltrúa og Ingibjörg Svala Jónsdóttir og Hjörleifur Einarsson komu inn sem fulltrúar háskólasamfélagsins í stað Guðfinnu Th. Aðalgeirsdóttur og Steingríms Jónssonar.

Skrifstofa Loftslagsráðs

Starfsemi skrifstofu Loftslagsráðs lá að mestu niðri frá og með 1. júlí 2022 til ársloka þar sem fyrrum verkefnisstjóri ráðsins lét af störfum í lok júní. Á sama tíma ákvað ráðherra að efla sjálfstæði ráðsins enn frekar með því að færa rekstrartengda starfsemi þess alfarið úr umsjón umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins undir skrifstofu ráðsins og reka starfsemi ráðsins eftirleiðis á eigin kennitölu. Í kjölfarið var ákveðið að ráða inn framkvæmdastjóra með sérfræðipækkingu á sviði loftslags- og sjálfbærnimála til að stýra skrifstofunni. Þórunn Wolfram Pétursdóttir var ráðin til verksins og tók hún til starfa sem fyrsti framkvæmdastjóri Loftslagsráðs þann 1. janúar 2023. Skrifstofan hefur nú starfsaðstöðu bæði á Suðurlandsbraut 24, Reykjavík og Austurvegi 56, Selfossi. Meginverkefni skrifstofunnar á seinni hluta starfsársins var að útbúa samandregið yfirlit úr öllu áður útgefnu efni ráðsins og vinna drög að lokasamantekt ráðsins á grunni þess, í nánú samráði við fulltrúa í ráðinu. Lokasamantektin var gefin út í júní 2023, undir heitinu [Uppgjör Loftslagsráðs](#).

Fundir og önnur viðfangsefni

Loftslagsráð fundaði alls 15 sinnum á starfsárinu 2022-2023. Starfið hófst með stefnumótunarfundi sem haldin var í Bankanum á Selfossi þann 22. ágúst og lauk með fundi í Hannesarholti, Reykjavík 15. júní. Það var síðasti fundur ráðsins þar sem skipunartími þess rennur út um mánaðarmótin ágúst/september 2023 og nýtt ráð tekur við í kjölfarið. Fundir starfsársins voru allir staðfundir og var gestum boðið til fundar við ráðið í tengslum við áherslur og umfjöllunarefni hverju sinni. Frá og með 65. fundi ráðsins voru fundir þess haldnir í Safnahúsinu, Hverfisgötu (utan lokafundar).

Yfirlit yfir fundi ráðsins á starfsárinu:

Nr. fundar. og dags.	Meginumfjöllunarefni hvers fundar
56. fundur, 20/10 '22	Áherslur og forgangsröðun viðfangsefna ráðsins
57. fundur, 03/11 '22	Kynning á samtali stjórnvalda við atvinnugreinar um aðgerðir og árangur
58. fundur, 24/11 '22	Stöðumat í kjölfar COP27 þings loftslagssamningsins
59. fundur, 08/12 '22	Samspil lífríkis og loftslags. Líffræðilegur fjölbreytileiki
60. fundur, 12/01 '23	Loftslagsáherslur og líffræðileg fjölbreytni - samþætting markmið/aðgerðir
61. fundur, 26/01 '23	Formlegt mat á áætluðum árangri loftslagsaðgerða
62. fundur, 13/02 '23	Formlegt mat á áætluðum árangri loftslagsaðgerða
63. fundur, 24/02 '23	Kynning ráðherra á áformuðum breytingum á stofnanaskipulagi URN
64. fundur, 02/03 '23	Umræðuplagg um kolefnisjöfnun, kolefnishlutleysi og losun frá landi
65. fundur, 23/03 '23	Akall um heildstæða og markvissa loftslagsstefnu. Mat á stöðu loftslagsmála
66. fundur, 13/04 '23	Kynning á nýlegri skýrslu URN: Loftslagsráð, greining og ábendingar
67. fundur, 11/05 '23	Akall um heildstæða og markvissa loftslagsstefnu. Mat á stöðu loftslagsmála
68. fundur, 25/05 '23	Akall um heildstæða og markvissa loftslagsstefnu. Mat á stöðu loftslagsmála
69. fundur, 15/06 '23	Lokafrágangur á skjalinu: Uppgjör Loftslagsráðs.

Pistlar á vefsíðu

Frá upphafi árs 2023 fram á vor birtust reglulega pistlar um loftslagstengd málefni á vefsíðu ráðsins. Þeir voru unnir fyrir ráðið af Guðmundi Steingrímssyni umhverfis- og auðlindafræðingi.

Pistlarnir eru eftirfarandi:

1. [Íslendingar eru reiðubúnir til aðgerða í loftslagsmálum](#)
2. [Hvað er loftslagshagstjórn?](#)
3. [Loksins fundur um loftslagsmál í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna](#)
4. [Coldplay og leiðin að kolefnishlutleysi](#)
5. [Líffræðileg fjölbreytni og loftslagsmál - hver eru tengslin?](#)
6. [Lokaviðvörðun í loftslagsmálum](#)
7. [Fjármálaáætlun og hlýnun jarðar](#)
8. [Losun Íslands - hver er staðan?](#)
9. [Hitastig sjávar og loftslagsbreytingar](#)
10. [Binda einhver ríki meira kolefni en þau losa?](#)
11. [Góð dæmi um réttlát umskipti - Ný skýrsla](#)
12. [Hlýnun stefnir yfir 1,5 gráðu mörkin á næstu árum](#)
13. [Bráðnun jökla að aukast](#)
14. [Tölum skýrt og verum hreinskilin til að vita hvar við stöndum](#)

Innlendir viðburðir

Loftslagsráð átti fulltrúa á fjölmörgum viðburðum á starfsárinu og tók beinan þátt í mörgum þeirra. Ráðið, í samstarfi við stofnun Ólafs Ragnars Grímssonar og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, stóð fyrir upplýsingafundum um COP28 og mikilvægi loftslagsþinganna fyrir aðildarríki samningsins, Ísland þar meðtalið. Meðfylgjandi tafla sýnir helstu innlendu viðburðina innan starfsársins sem ráðið tók beinan þátt í.

Þátttakandi	Viðburður	Þátttaka
Halldór Þorgeirsson	Kynning á skýrslu HÍ: Hvað finnst Íslendingum um umhverfismál og loftslagsbreytingar	Pallborð
Halldór Þorgeirsson	Fagráðstefna skógræktar 2023	Erindi
Halldór Þorgeirsson	Transform the Norm: Climate Change and Disclosure in Iceland (Landsvirkjun og CDP)	Pallborð
Halldór Þorgeirsson	Áhrif hagkerfisins á loftslagið (málþing Sameykis)	Erindi
Halldór Þorgeirsson	Alþjóðasamskipti og þjóðaröryggi (Þjóðaröryggisráð og Alþjóðamálastofnun HÍ)	Pallborð
Halldór Þorgeirsson	Sveitastjórnarskólinn (netnámskeið fyrir sveitarstjórnarfólk)	Erindi
Halldór Þorgeirsson	Undirbúningur fyrir COP28 (Loftslagsráð, stofnun Ólafs Ragnars Grímssonar og Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið)	Erindi og pallborð
Þórunn Wolfram	Loftslagsdagurinn 2023	Erindi
Þórunn Wolfram	Alþjóðasamvinna á krossgötum. Hvert stefnir Ísland? (Alþjóðamálastofnun HÍ)	Pallborð

Erlent samstarf

Loftslagsráð tók virkan þátt í erlendu samstarfi í gegnum tengslanet sitt. Formaður og varaformaður Loftslagsráðs tóku til að mynda þátt í vinnufundi í Kaupmannahöfn á vegum dönsku hugveitunnar CONCITO haustið 2022 og framkvæmdastjóri tók þátt í vinnufundi norrænu loftslagsráðanna, haldinn í Stokkhólmi í apríl 2023. Ráðið tók líka þátt í netráðstefnu alþjóðasamtaka loftslagsráða í apríl 2023.

Í júní 2023 kynnti formaður ráðsins starfsemi Loftslagsráðs á fundi 2050 Pathways Platform í Bonn og tók jafnframt þátt í öðrum viðburðum þar er tengdust undirbúningi COP28 þings loftslagssamningsins sem haldið verður komandi vetur í Dubai, Sameinuðu Arabísku Furstadæmunum.

Endurskoðun á hlutverki Loftslagsráðs

Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar segir eftirfarandi: „Stjórnsýsla loftslagsmála verður styrkt og hlutverk Loftslagsráðs tekið til endurskoðunar með aukinni áherslu á ráðgefandi hlutverk og vísindastarf auk aðhalds- og eftirlitshlutverks gagnvart stjórnvöldum.“ Sem lið í undirbúningi á endurskoðun hlutverks Loftslagsráðs ákvað umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið á liðnum vetri að láta vinna greiningu á núverandi hlutverki Loftslagsráðs og ábendingum um leiðir til að efla það. Ráðuneytið fékk dr. Ómar H. Kristmundsson stjórnsmálafræðing við HÍ til að vinna verkefnið. Skýrsla Ó.H.K. heitir: Loftslagsráð, greining og ábendingar og voru helstu niðurstöður hennar kynntar fyrir Loftslagsráði á fundi þess þann 23. mars 2023.

Skipunartími sitjandi Loftslagsráðs rennur út þann 3. september nk. og fyrir liggur að áður en nýtt ráð verður skipað muni ráðuneytið leggja nánara mat á niðurstöður skýrslu Ó.H.K. og meta hvort endurskoðun á hlutverki ráðsins muni leiða til breytinga á skipan þess.

31. ágúst 2023

Þórunn Wolfram Pétursdóttir
Framkvæmdastjóri Loftslagsráðs